

## Pura í Garði

Pura í Garði varð þjóðsagnapersóna í lifanda lífi því vísur hennar flugu víða og þóttu bæði snjallar og gamansamar. Pura Árnadóttir sem var þekkt undir nafninu Pura í Garði, safnaði saman ýmsu efni um ættir sínar og heimasveit. Pura var nefnilega ein af fjölmörgum Íslendingum sem safnaði saman þjóðlegum fróðleik og hélt til haga, svokallaður alþýðufræðimaður. Hún var þjóðþekkt fyrir vísur sínar sem margar voru og eru jafnvel ennþá fleygar um landið. Nú er farið að fenna í spor Þuru og því full ástæða til að rifja stuttlega upp ævi og störf þessarar merku konu.

Pura var fædd í Garði í Mývatnssveit 27. janúar 1891. Foreldrar hennar voru Árni Jónsson í Garði, af rótgróinni ætt sem kom þangað 1779. Móðir hennar var Guðbjörg Stefánsdóttir Gamalíeissonar frá Haganesi sem var skáld gott. Lágu rætur Þuru í allar áttir út í merkar bændaættir í héraðinu. Árni bóndi varð aldrei efnaður maður og hafði ekki rúmar hendur með lausafé. Það við bættist að hann var ekki heilsuhraustur og sum ár ekki vinnufær.

Börn þeirra voru 8 og var Pura hið fjórða í aldursröðinni. Nafnið Pura var þannig tilkomið að móðir hennar átti vinkonu sem hét Þuríður Jónsdóttir frá Gautlöndum og hún kallaði ávallt "Þuru sína." Ekki segist Pura hafa verið laglegt barn, hún hafi verið "rauðhærð, stutt og digur ... með kálfsfætur." En glaðlynd var hún alla tíð, hvað sem segja má um útlit hennar. Pura átti góða barnæsku með systkinum sínum við leiki og störf og gestkvæmt var á heimilinu, eins og Arnþór bróðir hennar lýsir hér:

Garður var með þjóðbraut um bæjarhlað . . . Bókakostur heimilisins var allgóður . . . og mikið lesið. Og í umræðum við gesti bar margt á góma. Auk dægurfrétta voru þar þjóðmál og bókmenntir til umræðu. ... Glæðværð skorti þar ekki. Móðurbræður Þuru voru hagamæltir og vísur voru daglegt brauð á bænum. Það er sagt að foreldrar hennar hafi verið nokkuð ólík, en Guðbjörg móðir hennar las og skrifaði mikið, enda kvennaskólagengin, sem var ekki svo lítið fyrir konur á þeim tíma.

Pura byrjaði snemma að yrkja vísur. Hún lét eftir sig handskrifað kver sem hún kallaði "Bernskubrek og æskusyndir", með vísum sem hún orti á æskuárum sínum. Eftirfarandi afmælisvísu orti hún til Signýjar

Friðriksdóttur, sem mér hefur ekki tekist að hafa upp á hver var. Það eina sem vitað er er að þær áttu sama afmælisdag, eins og segir í vísunni:

Það lá vel á góðum guði  
gleðja vild'ann dapran heim  
honum sendi á vængjum vinda  
vegum óra um himingeim  
okkur tvær í sama sinni  
til sóma og prýði veröldinni.

Sagt er að Matthías Jochumsson hafi heyrt vísu eftir Þuru og hafi hann þá sagt: "Það ætti að flengja stelpuna fyrir að yrkja svona." Hvort hann var hneykslaður eða hrifinn fer ekki sögum af.

Þura ólst að öllu leyti upp hjá foreldrum sínum og vann hjá þeim þar til hún varð tvítug. Sumargæsla á kvíám var fyrsta starfið sem hún mundi eftir sem sínu strfi. Skemmti hún sér þá við að skoða blómin á jörðinni og fylgjast með vexti þeirra. Stundum hafði hún með sér ljóðabækur og las í þeim og lærði. Ung að árum setti hún saman lausavísu um Helga Sigurjónsson sem var forgöngumaður að því að bólusetja fé við bráðafári. En bólusetningin var ekki hættulaus fyrst í stað og stundum dóu kindur af bólusetningunni: Vísu þessi var svona:

Helgi bóla, halur snar,  
Til Heljar rekur lömbin.  
Hann er verri en helvískar  
Hungraðar fjallatófurnar.

Þura var bráðþroska og snemma fullrðisleg. Hún giftist aldrei og ekki eignaðist hún börn. Margir sveitungar hennar segjast aldrei hafa heyrt að hún væri við karlmann kennd. En ýmsir tjáðu henni ást sína í ljóði en ekki drógu þær glettinagr þó til hjónabands. Alkunnar eru vísurnar sem sagan segir að hafi flogið milli vegavinnumanns sem starfaði við vegalagningu við Garð og Þuru:

Þura í Garði þraukar hér,  
þöglum vatns á bakka.  
Ef hún kynntist meira mér,  
myndi hún eignast krakka.

Þura var vön að svara fyrr sig að bragði og kvað.

Ekki þarft' að efa það,  
að ég þakki skeytið.  
En nefndu drengur stund og stað  
og stattu við fyrirheitið.

Ekki þóttist hún hafa verið mjög gefin fyrir kvenlegar dyggðir og gerði ofurlítið grín að dyggðunum þeim:

”Það kom snemma í ljós, að hinum mikla hugsuði hafði nokkuð mistekist, þegar hann skapaði mig og oft var orð á því haft, að ég hefði átt að vera strákur, svo mjög þótti ég hneigð til útistarfs og meira frelsis en stelpum var ætlað, og sýna lítinn skilning á því sem kvenlegt var talið í upphafi þessarar aldar. Þá var nefnilega algengt að segja stelpum að skammast sín, ef þær steyptu sér kollhnís eða sýndu á sér beran fót, að ég ekki nefni hné.“

Eftir að hún var send á næsta bæ á "hússtjórnarnámskeið" var því slegið föstu að "aldrei gæti ég orðið almennileg húsfreyja", sagði Þura. Sennilega var það þó orðum aukið, enda þurfti hún að sinna heimilishaldi meira og minna stóran hluta ævinnar, þótt ekki ætti hún mann eða börn. En eins og margar heimasætur fyrir á öldinni var Þura viðloðandi bernskuheimilið. Hún hélt heimili fyrir móður sína eftir að faðir hennar lést árið 1926, en var lítið í Garði eftir lát móður sinnar árið 1937.

Formleg skólaganga Þuru var ekki löng. Hún naut uppfræðslu á heimili sínu og var fimm vikur í skóla fermingarárið sitt. Hún var einn vetur í Húsmæðraskóla Reykjavíkur og fór á garðyrkjunámskeið bæði í Reykjavík og Akureyri. Tvo vetur starfaði hún á Hvanneyri árin 1911-12. Þar voru 50 piltar í skóla og þurftu nokkra aðstoð og þjónustu. Þar var hún samtíða ýmsum sem síðar urðu þjóðkunir menn. Þetta unga fólk fór að skiptast á vísum og ýmsum gleðskap og bárust þá vísur Þuru út um land og urðu þjóðkunnar.

Áhugamál hennar voru mörg og hún sinnti þeim af brennandi áhuga. Hún var lengi í Ungmennafélaginu Mývetningi og formaður í tvö ár, fyrst kvenna. Þessu lýsti hún þannig: "Nú vildi svo til að haustið 1924 var stjórnarbylting í Ungmennafélaginu, höfðu áður stjórnað því karlmenn, skólagengnir, og ekki af lakari endanum, en nú kom kvenstjórn og hlaut ég formannssess." Í stjórnartíð hennar var unnið að gróðursetningu í kirkjugarðinum á Skútustöðum, ýmsum til lítillar hrifningar, sagði Þura. Lagði hún hart að sér að safna plöntum til gróðursetningar. Hún vann einnig mikið verk við gróðursetningu í Höfða, eftir að Héðinn Valdimarsson keypti jörðina.

Á fjórða áratug síðustu aldar voru vísur Þuru orðnar alkunnar en þá stundum orðnar svo breyttar að kunnugir þekktu þær varla. Eins voru settar á flot vísur sem sagðar voru eftir hana og vörpuðu á hana frægð með öðru sniði en hún óskaði eftir sjálf. Því var ráðist í að valdar voru nokkrar af vísnum Þuru og gefnar út undir titlinum: *Vísur Þuru í Garði*. Útgefandinn var frændi hennar Helgi Tryggvason, bókbindari. Kverið kom út í kringum 1940 og seldist prýðilega og fékk allgóða dóma. Nú fór Þura einnig að taka sér nýtt verkefni fyrir hendur, að safna ættfræðilegum gögnum um forfeður sína. Árið 1951 kom út eftir hana bókin *Skútustaðaætt – Niðjatal Helga Ásmundssonar á Skútustöðum*. Aðra bók hafði hún smíðum um föðurætt sína og átti hún að heita *Marteinsflæða* en henni lauk Þura aldrei. Jafnhliða þessu skrifaði hún nokkra þætti byggða á þessum athugunum sínum og sögusögnum gamals fólks sem hún kynntist í æsku. Voru sumir þeirra prentaðir í tímaritum og jólablöðum en aðrir eru enn óprentaðir.

Þura fór aldrei út fyrir landsteinana, hún var ekki "sigld", eins og hún sagði frá í grein sinni "Enn verpa súlur á sillum", en þar segir frá því þegar hún ákvað að bæta úr þessum lesti sínum og "sigldi", eða flaug öllu heldur, til Grímseyjar! Á flakki sínu um landið kynntist Þura mörgum merkismanninum. Þar á meðal Jóhannesi Kjarval. Honum sendi hún sauðskinnsskó með þessari vísu:

Frjálsar ástir, frjálst er val,  
fín eru vinahótin.  
Gráhærð kona góðum hal  
gefur undir fótinn.

Þura var ekkert gefin fyrir "stáss og prjál". Hún kom til dyranna eins og hún var klædd. Sigróður Þorgrímsdóttir, frænka hennar frá Garði, stingur uppá að ef til vill hafi það verið vegna sjálfstæðis hennar, gáfna og tildurleysis sem hún ekki giftist, líklega eru það ekki eiginleikar sem karlar litast fyrst og fremst eftir hjá konum. (hennar orð) .En það er hvergi að finna stafkrók um að hún hafi syrgt það hlutskipti sitt að vera ógift og barnlaus. Hún var barngóð kona og vinsæl. Frekar var að hún henti gaman að þessu ástandi:

”Mér er það bæði ljúft og skylt að minnast ykkar, ágætu karlmenn, því ég hefi aldrei dregið það í efa að það séuð þið sem eruð drottins beitarsauðir og því stend ég hér og segi kærar þakkir fyrir liðna daga og guði sé lof fyrir það að það var ekki ég sem lenti með ykkur í haftinu . . . Skrifað stendur að maðurinn sé konunnar höfuð, en hann er meira en það, hann er

höfuðskepna þessarar jarðar, salt hennar, sykur og súrdeig ... Þetta vitið þið sjálfir og öll mannkind hefur breytt samkvæmt því um aldraðir og haldið þétt um stjórnartaumana á opinberum vettvangi í sveita-, bæja- og landsmálum, enda ber heimurinn í dag þeim fagurt vitni ... það megið þið eiga, ágætu menn, að gott þykir ykkur að fá atkvæði kvenna á kjördegi, en hvað ykkur langar til að hafa þær við á hærri stöðum sýna kjörlistar, þar eð að þar eru nöfn kvenna eins og merkt til sýnis og málamynda, ef þau eru þar, og því möguleikar kvenna til samstarfs eins og dauf ljósrák út við ysta sjóndeildarhring . . . “

hljómar kunnuglega í dag en þessi orð eru úr ræðu sem Þura flutti eitt sinn fyrir minni karla á hjónasamkomu. Það er ekki um að villast að hún var hlynnt jafnrétti kynjanna og henti gaman að hefðbundnum kynhlutverkum. Í kveðskap sínum gerði hún gys að hjónabandinu og sömuleiðis að sjálfri sér:

Svona er að vera úr stáli og steini,  
stríðin, köld og ljót;  
aldrei hef ég yljað sveini  
inn að hjartarót.

Mig hefur aldrei um það dreymt,  
sem eykst við sambúð nána.  
Þú hefur alveg, guð minn, gleymt  
að gefa mér ástarþrána.

Hafnaði Þura ástinni? Eða hafnaði kannski ástin henni? Flestar vísur hennar sem fjalla um ást og hjónaband eru í gamantón, eða jafnvel kaldhæðni. En þó ekki allar. Stundum kveður við alvarlegan tón:

Ekki fór ég alls á mis;  
þú yljaðir mínu hjarta:  
Man ég enn þín brúnablys  
björtu og hárið svarta.

Aldrei fellur á þig ryk  
fyrir innri sjónum mínum.  
Átt hef ég sælust augnablik  
í örmunum sterku þínum.

Hver var innblástur þessara fallegu erinda ef ekki ástin sjálf? spyr frænka hennar, Sigríður Þorgrímsdóttir, í grein sen hún ritaði í Lesbók Morgunblaðsins 2. nóvember, 1996.

Þura unni náttúrunni og langaði til að prýða landið trjám og blómum. Hún vann mörg ár við garðyrkju, eins og áður segir. Auk þess reyndi hún eftir mætti að rækta matjurtir, blóm og tré heima í Garði, þótt þess sjáist lítil merki í dag. Það er fremur að ummerki verka hennar sjáist í Höfða og ef til vill á Skútustöðum. Hún skynjaði náttúruna á skáldlegan hátt, ekki af nytjahyggju eins og sumu sveitafólki hættir til. Ást hennar á náttúrunni og fegurð hennar kemur víða fram í verkum hennar, til dæmis í ljóðum sem ort voru í hughrifum líðandi stundar á ferðalögum um náttúruperlur Íslands:

Hefurðu í Hólmatungum  
hlustað á lækjarnið.  
Þar blágresi í bjarka skjóli  
brosir við lyngsins hlið.

Sástu sólskríkjuhjónin,  
syngjandi um greinarnar,  
kvæði um allan þann unað,  
sem auganu mætti þar.

Fannstu víðinn væna,  
vefjast að fótum þér,  
sem vild'ann þig velkominn bjóða  
og vera um eilífð hjá sér.

Á sjötta áratugi síðustu aldar fór Þura að vinna á Akureyri og fékk fljótlega vinnu í Lysigarðinum sem aðstoðarkona Frú Margrétar Schiöth en seinna tók hún að miklu leyti við gæslu garðsins á eigin ábyrgð. Þar fékk hún verk sem hún undi vel við, að hlúa að fögrum gróðri og auka hann og fegra. Við þetta vann hún svo lengi sem starfsorka hennar dugði til. Í Lystigarðinum hitti hún ýmsa og naut þar góðrar kynningar. Til voru þeir menn sem fannst meira um það að hafa hitt hana í garðinum en annað sem þeir höfðu séð þar. Sumir ávörpuðu hana í vísum og borgaði hún jafnan fyrir sig. Kom það fyrir að blöðin gátu þessara vísnaviðskipta og þótti ávallt fengur að þeim.

Nokkrum árum fyrir andlát sitt varð Þura fyrir áfalli, sennilega heilablóðfalli, og var sjúklingur síðustu árin. Nokkur af þessum vanheilsuárum dvaldi hún á sjúkrahúsi á Akureyri en kom um tíma heim í Mývatssveit á sumrin. Síðasta sumarið sitt sagði hún Pétri Jónssyni í Reynihlíð að sér þætti jafn vænt um trén í kirkjugarðinum á Skútustöðum eins og þau væri börnin hennar.

Þura lést þann 14.júní, 1963. Sigríður Þorgrímsdóttir, frænka hennar, heldur áfram í ofanefndri grein:

”Nú er leiði hennar gleymt og gróið og spor hennar og verk hvergi sýnileg, þrátt fyrir látlaust strit og baráttu um marga áratugi. Saga hennar er ef til vill ekki merkileg, og sumir munu ekki telja ómaksvert að skrá hana. En þó er hún saga heillar kynslóðar, ótal kvenna um land allt og lönd öll, sem hafa lifað við sömu kjör: Mikla vinnu, lítil laun og enga hvíld, fyrr en í sinni dimmu gröf. Uppskeran? Hinum megin? spyr Þura í grein um kjör fátækrar alþýðukonu, en hún hafði ríka samúð með smælingjum og fátæklingum landsins. Það er allt að því að votti fyrir beiskju í orðum hennar, sem virðist í fljótu bragði ólíkt flestu sem hún skrifaði. En það var af hluttekningu með öðrum, ekki af sjálfsvorkunn. Samhygð með örlögum annarra sést víðar í verkum hennar, til dæmis í ljóðinu "Í Skálholtskirkjugarði":

Gangið þið hljótt um garðinn  
til grunna er hrunin borg,  
hér hvílir með kramið hjarta  
kona sem dó úr sorg.

Yfir örlögum hennar  
ískaldur snærinn grætur,  
í grænum sumar sverði  
sóleyjar festa rætur.

Helstu heimildir:

*Árók Þingeyinga* 1963. Grein eftir Pétur Jónsson

*Lesbók Morgunblaðsins* 2. nóv. 1996. Grein eftir Sigríði Þorgrímsdóttur: ”Þá var mikið hlegið”